

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um innsiglu** **45**  
 áfengis á skipum.

28. febr.

Þjer hafið, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 24. desbr. f. á., skýrt frá því, að á fólksflutningaskipum komi það oft fyrir, að óáfeng drykkjarföng sjeu geymd í sama klefa og áfengi skipsins. Þegar svo sje ástatt og innsiglaður hafi verið klefi, þar sem í eru geymd bæði áfeng og óáfeng drykkjarföng, og skipið síðan komi inn á höfn þar sem lögreglustjóri býr, spyrjist þjer fyrir um:

1. Hvort lögreglustjóra beri skylda til, eða hvort honum sje heimilt eftir ósk skipstjóra, að brjóta innsiglið og ná út óáfengum drykkjarföngum.

2. Ef svo verði álitíð, hvort þá megi um leið láta skipstjóra fá áfengi handa skipshöfninni, ef hann telji sig vanta það, og

3. Hvort landssjóður eigi ekki að sjálfsgöðu að greiða kostnað þann, er leiðir af innsiglu áfengis á skipum, og hvað lögreglustjóri eða umboðsmaður hans megi reikna sjer fyrir þau ómök.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, yður til leiðbeiningar:

Ad 1. Lögreglustjóra verður að álitast heimilt að brjóta innsigli annars lögreglustjóra til þess, eftir beiðni skipstjóra, að ná út óáfengum drykkjum, en þá verður hann að setja sín innsigli fyrir geymsluna aftur.

Ad 2. Einnig verður að álíta, að lögreglustjóra sje heimilt að brjóta innsigli annars lögreglustjóra til þess, eftir beiðni skipstjóra, að ná út hæfilegum skipsforða af áfengi til næstu hafnar eða lögsagnarumdæmis, en að sjálfsgöðu ber lögreglustjóra, að afhendingunni lokinni, að setja innsigli sín fyrir áfengisbirgðirnar, sem eftir eru.

Ad 3. Þegar innsigli eru brotin samkvæmt framansögðu, og áfeng eða óáfeng drykkjarföng tekin út eftir beiðni skipstjóra, þá virðist skipstjóri eiga að greiða lögreglustjóra hæfilega þóknun fyrir starf hans, nema svo standi á, að lögreglustjóri á fyrstu eða fyrri höfn hafi veitt svo lítinn forða til næstu hafnar, að fyrirsjáanlegt var, að forðinn hvergi nærri mundi hrökkva, þá mundi landsjóður verða að greiða kostnaðinn, ef kæra kæmi fram þar að lútandi.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um** **46**  
 endurgreiðslu á veittum fátækrastryk.

29. febr.

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 12. maí f. á., er ákveður, að Leirár- og Melahreppur skuli vera laus við að endurgreiða Reykjavíkurkaupstað nokkuð af 148 kr. fátækrastryk, veittum Sesselju nokkurri Magnúsdóttur.

17. dag aprilmánaðar 1916.

Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja.